

## Reglur um tilgreinda séreign Frjálsa lífeyrissjóðsins

### 1. gr. Vörslusamningar um lífeyrissparnað

Reglur þessar taka til lífeyrissparnaðar, tilgreindrar séreignar, sem byggir á ákvæðum laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisséttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Allir þeir sem uppfylla ákvæði fyrrgreindra laga um greiðslu iðgjalds til lágmarkstryggingarverndar hjá lífeyrissjóði geta greitt í tilgreinda séreign hjá Frjálsa lífeyrissjóðnum. Með undirritun rétthafa á samning Frjálsa lífeyrissjóðsins samþykkir hann að hlíta reglum þessum.

### 2. gr. Skil á samningi til launagreiðanda

Þegar samningur hefur komist á um lífeyrissparnað skal Frjáls lífeyrissjóðurinn senda launagreiðanda afrit af samningnum.

### 3. gr. Iðgjaldagreiðslur

Iðgjöld skulu greiðast mánaðarlega. Gjald dags iðgjaldagreiðslutímabils er tíundi næsta mánaðar. Eindagi skal vera síðasti dagur sama mánaðar og iðgjald fellur í gjalddaga. Í samningi skal fjárhæðin tilgreind í krónum eða sem hlutfall af launum. Iðgjaldagreiðslur skulu hefjast eigi síðar en 2 mánuðum eftir undirritun samnings. Iðgjöld greiðast með þeim hætti sem samningur kveður á um, nema gerður sé sérstakur samningur um annað fyrirkomulag síðar.

Frjálsa lífeyrissjóðnum ber að ávaxta greitt iðgjald samkvæmt samningi þessum frá þeim degi er sjóðnum berst iðgjald vegna rétthafa. Berist skilagrein frá launagreiðanda síðar en iðgjöld, er Frjálsa lífeyrissjóðnum skylt að reikna vexti frá skráningardegi skilagreinar í samræmi við þá fjárfestingarleið sem í gildi er samkvæmt samningi, enda geti sjóðurinn ekki áður sérgreint fé rétthafa sem launagreiðandi greiðir iðgjald fyrir. Iðgjald skal bera sömu vexti og Fjárhæðarþrep Arion banka hf. hverju sinni frá þeim tíma sem það berst vörsluaðila þar til skilagreinar er skráð.

### 4. gr. Ráðstöfun iðgjalds

Í samningi ákveður rétthafi hvernig iðgjaldi hans skuli ráðstafað til ávöxtunar í fjárfestingarleið með fyrirfram ákveðinni fjárfestingarstefnu. Rétthafi getur ávallt breytt ákvörðun sinni vegna framtíðariðgjalds með skriflegri tilkynningu til Frjálsa lífeyrissjóðsins.

### 5. gr. Fjárfestingarleiðir

Rétthafar Frjálsa lífeyrissjóðsins geta valið á milli mismunandi fjárfestingarleiða til að ávaxta innstæðu sína. Ávöxtunarmöguleikarnir eru nokkrir sem felst nánar tiltekið í því að í boði er mismunandi hlutfall hlutabréfa í safni á móti öðrum fjármálalagningum, s.s. skuldabréfum og víxlum, sem og innlánnum í bönkum og sparissjóðum. Rétthafar geta flutt innstæðu sína á milli fjárfestingarleiða. Kostnaður við flutninginn skal vera skv. gildandi verðskrá sjóðsins á hverjum tíma en að hámarki 1% af inneign rétthafa. Jafnframt geta rétthafar valið að færast sjálfkrafa milli þessara fjárfestingarleiða skv. Ævilínu eftir fyrirfram ákveðnum reglum sem er að finna í samþykktum sjóðsins. Í þeim tilvikum sem fjárfest er í erlendum myntum er stefnan að nota gjalddeyrisvarnir með því markmiði að draga úr áhættu af gengisbreytingum erlendra gjaldmiðla. Frjáls lífeyrissjóðurinn hefur falið Arion banka hf. að annast eignastýringu skv. stefnu sjóðsins, en er heimilt að úthýsa eignastýringunni til Stefnis hf.

### 6. gr. Ráðstöfun iðgjalds við nýjan samning

Ef fyrir liggur samningur við rétthafa um sama efni eða ef iðgjöld rétthafa hafa borist án þess að samningur hafi verið gerður þá kemur nýjasti samningur rétthafa í stað eldri samnings eða eldra fyrirkomulags. Þ.e. framtíðariðgjöldum allra launagreiðenda verður ráðstafað samkvæmt nýjasta samningi rétthafa. Velji rétthafi Ævilínu en á uppsafnaða inneign í annarri fjárfestingarleið, þá mun hún við valið flytjast í þá fjárfestingarleið sem tilheyrir Ævilínu og fylgja henni. Þó verður inneign í Frjálsa 3 ekki flutt samkvæmt þessu. Velji rétthafi hins vegar aðra fjárfestingarleið en Ævilínu en á uppsafnaða inneign í Ævilínu, þá mun hún við valið sitja eftir í þeirri fjárfestingarleið sem tilheyrir Ævilínu en mun framvegis ekki verða flutt samkvæmt reglum um Ævilínu.

### 7. gr. Útborgun sparnaðar

Velji sjóðfélagi annars lífeyrissjóðs að ráðstafa hluta iðgjalds í tilgreinda séreign hjá Frjálsa lífeyrissjóðnum, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 129/1997, skulu um útborgun

séreignarinnar gilda sömu reglur og gilda myndu fyrir séreignarhlutann í þeim lífeyrissjóði sem rétthafi greiðir samtryggingarhluta lágmarksiðgjaldsins til, sbr. 2. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 698/1998. Sama gildir ef rétthafi velur að flytja í Frjálsa lífeyrissjóðinn tilgreinda séreign frá öðrum vörsluaðila lífeyrissparnaðar.

Hafi lífeyrissjóðurinn sem rétthafi greiðir samtryggingarhluta lágmarksiðgjaldsins til ekki reglur um útborgun fyrir tilgreinda séreign getur útborgun sparnaðarins komið til vegna aldurs, örorku eða andláts rétthafa. Þegar rétthafi er orðinn 62 ára er heimilt að greiða út lífeyrissparnað ásamt vöxtum og skulu greiðslurnar dreifast að lágmarki fram að 67 ára aldri. Ef innstæða er undir kr. 500.000 þegar að útgreiðslu kemur er hún greidd út í eingreiðslu, sé þess óskað.

Deyi rétthafi áður en innstæða er að fullu greidd út fellur hún til erfingja hans og skiptist milli þeirra eftir reglum erfðalaga. Láti rétthafi ekki eftir sig maka eða barn, rennur innstæðan til dánarbúsins og gildir þá ekki takmörkunin í 2. ml. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 129/1997.

Verði rétthafi öryrki og orkutapið sem hann verður fyrir er 100% á hann rétt á að fá lífeyrissparnað og vexti greidda út með jöfnum árlegum greiðslum á 7 árum. Árleg útborgun lækkar og úttektartími lengist í hlutfalli við lækkuð örorkuprósentu, sbr. 3. mgr. 11. gr. laga nr. 129/1997. Útborgun getur í fyrsta lagi hafist þegar vottorð um örorku og orkutap liggja fyrir. Ef innstæða rétthafa sem orðið hefur fyrir orkutapi er undir kr. 500.000 þegar að útgreiðslu kemur er hún greidd út í eingreiðslu, sé þess óskað.

Viðmiðunarfjárhæð þessi breytist árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 173,5 stig. Unnt er að semja um annan og lengri útborgunartíma en greinir hér fyrir ofan. Með jöfnum greiðslum hér fyrir framan er átt við greiðslur að tiltölu við fjölda greiðsluára þannig að rétthafi fái á hverju ári þann hluta innstæðunnar að meðtöldum vöxtum sem samsvarar tölu þeirra ára sem eftir standa af endurgreiðslutímanum.

### 8. gr. Uppsögn samnings

Undirritun rétthafa á samninginn skuldbindur hann ekki fyrr en fjórtán dögum frá gerð samningsins og er rétthafa heimilt að falla frá samningi innan þess frests. Samningi þessum er hægt að segja upp með tveggja mánaða fyrirvara. Uppsögn skal vera skrifleg og undirrituð af rétthafa. Uppsögn veitir ekki rétt til útborgunar innstæðu. Hætti iðgjöld vegna rétthafa að berast til Frjálsa lífeyrissjóðsins af einhverjum ástæðum, verður innstæðan ásamt vöxtum ávöxtuð áfram hjá sjóðnum og greidd út skv. útborgunareglum 7. gr.

### 9. gr. Flutningur milli vörsluaðila

Heimilt er að flytja innstæðu til annarra vörsluaðila sem geta boðið samninga af þessu tagi, sbr. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 129/1997, óski rétthafi eftir því við Frjálsa lífeyrissjóðinn með skriflegri tilkynningu. Flutningurinn skal eiga sér stað innan tveggja mánaða frá móttöku flutningsbeiðni frá rétthafa. Kostnaður vegna flutnings ræðst af gildandi verðskrá sjóðsins á hverjum tíma, að hámarki 1% af inneign rétthafa en að lágmarki 5.000 kr.

### 10. gr. Framsal réttinda

Rétthafa er óheimilt að framselja, veðsetja eða á annan hátt ráðstafa innstæðu eða réttindum skv. samningi um aðild að Frjálsa lífeyrissjóðnum, nema samkvæmt 1.-3. tl. 3. mgr. 14. gr. laga nr. 129/1997.

### 11. gr. Breyting á reglum

Frjálsa lífeyrissjóðnum er heimilt að breyta reglum þessum að undangenginni staðfestingu fjármálaráðherra.

### 12. gr. Innheimta

Ábyrgð á skilum launagreiðanda á afdregnum iðgjöldum lífeyrissparnaðar er hjá rétthafa. Óski rétthafi eftir aðstoð Frjálsa lífeyrissjóðsins við innheimtu vangodinna iðgjalds skal tilkynning þess efnis berast með skriflegum hætti til sjóðsins ásamt launaseðlum sem sýna afdregin iðgjöld.